Leiðbeiningar við útfyllingu eyðublaða umsókn um ferðaskrifstofuleyfi

Um er að ræða þrjú eyðublöð:

- „Nýjar umsóknir yfirstandandi ár“ (Excel-skjal, ber að skila sem Excel).
- „Nýjar umsóknir komandi ár“ (Excel-skjal, ber að skila sem Excel).
- „Yfirlit yfir smásala sem uppfylla tryggingaskyldu vegna pakkaferða skipuleggjanda“ (Excel-skjal, ber að skila sem Excel).

Vinsamlega vinnið með Excel-skjöl í Excel, ekki sem „Open Source Document“ eða „Numbers“.

„Nýjar umsóknir yfirstandandi ár og nýjar umsóknir komandi ár“ (Excel-skjöl)

Í hvoru skjali eru 14 flipar

1 - Upplýsingar – áríðandi er að lesa leiðbeiningar í þeim flipa vel.

Takið eftir litakóðum skjalsins:

Litakóðar skjalsins / Workbook cell colour code
Forsendureitir eru gráir og fylla skal út í þá / Input cells are grey and must be filled
Tilteknir forsendureitir litast rauðir ef að ekki hefur verið fyllt út í þá eða ef ranglega er fyllt út í þá / Certain input cells turn red if they have not been filled or if they have been wrongly filled
Hvítir reitir innihalda útreikning eða föst gildi sem ekki skal breyta / White cells contain calculations or fixed input that cannot be changed

Fylla þarf inn upplýsingar um leyfishafa, þ.e. nafn og kt.
Skrá þarf dagsetningu útfyllingar.

Almennar upplýsingar / General information				
Type of report	**Financial year**	**Name**	**ID**	**Date of completion**
Tegund skýrslu	**Fjárhagsár**	**Nafn**	**Kennitala**	**Dagsetning útfyllingar**
Rauntölur	2020			

Upplýsingar um starfsemi leyfishafa. Setja ber x í þá reiti sem eiga við um starfsemi leyfishafa:

Starfsemi leyfishafa / Licensee's operations	
Merkið við allt (með x) sem við á um starfsemi leyfishafa / Check all (with an x) that apply to the operations of the licensee:	
	Ferðir innanlands / Incoming tours
	Ferðir erlendis / Outgoing tours
Merkið við þá línu (með x) sem á helst við um starfsemi leyfishafa / Check the row (with an x) that applies most to the operations of the licensee:	
	Heilsárs starfsemi / Full year operations
	Árstíðarbundin starfsemi, megin starfsemi að sumri / Seasonal operations, mainly in summer
	Árstíðarbundin starfsemi, megin starfsemi að vetri / Seasonal operations, mainly in winter

Unnið er að bættri upplýsingaöflun um starfsemi ferðaskrifstofa. Ekki er til heildstætt yfirlit yfir ferðskrifstofur sem bjóða uppá ferðir erlendis, ferðir innanlands eða hvoru tveggja. Eins er ekki til yfirlit yfir hvort að starfsemi ferðaskrifstofa telst til heilsárs- eða árstíðabundinnar starfsemi.

2 – Rekstrar- og greiðsluáætlun
Tekjur færast sjálfkrafa úr mánaðaflipunum í rekstraráætlun.
Fylla þarf út í gjaldaliðina. Samtölur reiknast sjálfkrafa.
Greiðsluáætlun þarf að fylla út. Samtölur reiknast sjálfkrafa.

3 - 14 Flipar vegna hvers mánaðar

Athugið að fylla ber inn upplýsingar um alla veltu fyrirtækisins. Jafnt tryggingarskylda veltu og veltu sem undanþegin er tryggingarskyldu.

Í hverjum flipa eru svæði til að fylla inn upplýsingar um:

- Tryggingarskylda veltu
- Veltu undanþegna tryggingarskyldu,

Fara þarf niður flipann til að finna svæði vegna veltu sem undanþegin er tryggingarskyldu.

Tryggingaskyld velta:

Í þennan hluta skal skrá upplýsingar um alla tryggingarskylda veltu leyfishafa.
Þegar talað er um ferðir er átt við pakkaferðir og samtengda ferðartilhögun. Aldrei getur verið um að ræða að samtengd ferðatilhögun sé hluti af pakkaferð, því er í hverri línu einungis pakkaferð eða samtengd ferðatilhögun, ekki hvort tveggja.

ATH vegna allra ferða sem eru skráðar þarf að fylla inn upplýsingar um eftirfarandi:
Nafn eða lýsing ferðar
Heildarsöluverð
Heildarfjárhæð staðfestingargreiðslna
Fjöldi ferða
Fjöldi ferðamanna
Lengd ferða í dögum
Fjöldi daga frá lokagreiðslu til upphafs ferðar

Tryggingarskyld velta / Turnover subject to package travel security								
Name or description of the tour	Total sales amount of package tour	Total sales amount of linked travel arrangements	Total turnover subject to package travel security	Total amount of confirmation deposits	Number of tours	Number of tourists	Length of tours in days	Number of days from final payment until the tour starts
Nafn eða lýsing ferðar	Heildarsöluverð pakkaferðar	Heildarsöluverð v. samtengdrar ferðatilhögunar	Samtals tryggingarskyld velta	Heildarfjárhæð staðfestingar-greiðslna	Fjöldi ferða	Fjöldi ferða-manna	Lengd ferða í dögum	Fjöldi daga frá lokagreiðslu til upphafs ferðar

Nafn eða lýsing ferðar

Hér skal skrá heiti ferðar eða lýsingu á ferð.

- Heiti ferða verða að vera lýsandi og í samræmi við heiti sem finna má á vef ferðaskrifstofunnar og í öðru kynningarefni. Ef um sérsniðnar ferðir er að ræða þarf að taka það fram.
- Ef ferðir eru samskonar/til sama staðar/jafn langar þarf ekki að skrá hverja og eina ferð, safna má samskonar ferðum í mánuðinum í eina línu.
- Ef þær ferðir sem teknar eru saman í eina línu eru mislangar þarf að gæta að því að reikna út meðallengd (vegið meðaltal) ferða. (Heimilt er að skrá hverja bókun fyrir sig eða skrá ferð óháð fjölda bókana t.d. ein ferð til Tenerife sem felur í sér 50 bókanir og 150 ferðamenn).

Heildarsöluverð pakkaferðar

Samanlögð fjárhæð sem leyfishafi fær greidda fyrir þær ferðir sem skráðar eru í línuna (ef hver bókun fyrir sig er skráð skal skrá heildarverð bókunarinnar).
Dæmi: Fjórar vikuferðir til Tenerife, verð á mann er kr. 200.000.-, samtals eru 100 farþegar í öllum ferðunum. Í reitinn færast kr. 20.000.000.-
Nota ber heilar tölur 0 eða stærri – ekki mínus.

Heildarsöluverð samtengdrar ferðatilhögunar

Samanlögð fjárhæð þeirra greiðslna sem að leyfishafinn tekur við vegna samtengdrar ferðatilhögunar (einungis greiðslur sem ferðaskrifstofan tekur við, ekki fjárhæðir sem greiddar eru til annarra þjónustuaðila).

Nota ber heilar tölur 0 eða stærri – ekki mínus.

ATH Samtengd ferðatilhögun er ekki algeng. Hún verður aðeins til ef viðskiptavinur sem hefur gengið frá kaupum á einum þjónustuþætti, t.d. flugi, fær í beinu framhaldi bókanlegt tilboð um að bæta við þjónustu vegna sömu ferðar og gengur að því innan 24 klst. frá því að fyrstu kaupum er lokið.
Á vef Ferðamálstofu er að finna flæðirit sem skýrir hvað samtengd ferðatilhögun er
https://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi-og-loggjof/ferdaskrifstofur/samtengd-ferdatilhogun-flaedirit
Ekki skal skrá upplýsingar um samtengda ferðatilhögun í sömu línu og upplýsingar um pakkaferð.

Samtals tryggingarskyld velta
Ekki þarf að fylla í þennan dálk, upphæð reiknast sjálfkrafa .

Heildarfjárhæð staðfestingargreiðslna
Samanlögð upphæð allra staðfestingargreiðslna sem mótteknar eru vegna þeirra ferða sem skráðar eru í línuna.
Dæmi: 100 farþegar í ferð, 50 farþegar greiða kr. 20.000.- í staðfestingargjald, 30 farþegar greiða kr. 30.000.- í staðfestingargjald, 20 farþegar greiða ekki staðfestingargjald því þeir greiða ferðina að fullu við bókun. Talan sem færist í þennan reit er: 50*20.000.- + 30*30.000 = 1.900.000.-
Nota ber heilar tölur 0 eða stærri – ekki mínus.

ATH Staðfestingargreiðsla er innborgun sem að ferðamaður greiðir til að staðfesta þátttöku í ferð. Ef ferð er greidd í einni greiðslu er það ekki staðfestingargreiðsla. Staðfestingargreiðslur geta því aldrei orðið sama tala og heildarsöluverð pakkaferðar eða samtengdrar ferðatilhögunar
Ef engar staðfestingargreiðslur eru greiddar vegna viðkomandi ferðar færist 0 í þennan reit.

Fjöldi ferða
Hér skal skrá fjölda brottfara sem eiga við um þessa línu.
Nota ber heilar tölur 0 eða stærri – ekki mínus.

Fjöldi ferðamanna
Samanlagður fjöldi ferðamanna sem fer í viðkomandi ferðir. Ef skráðar eru 4 ferðir og 50 farþegar í hverri ferð er fjöldinn 200.
Nota ber heilar tölur 0 eða stærri – ekki mínus.

Lengd ferða í dögum
Hér skal skrá hversu langar ferðirnar eru í dögum. Sé lengd ferðar sú sama hjá öllum farþegum skal skrá lengd hennar.
Dæmi: Ef um er að ræða fjögurra daga borgarferð skal skrá 4 í þennan reit.

Ef lengd skráðra ferða er mismunandi þarf að skrá vegið meðaltal lengdar ferðanna.
Dæmi: Í mánuðinum eru þrjár mislangar ferðir til Tenerife skráðar í sömu línu. 50 farþegar eru í 11 daga, 150 farþegar eru í 7 daga og 120 farþegar eru í 14 daga. Í reitinn er fært (50*11+150*7+120*14)/320 = 10,25. Meðallengd ferðanna er 10,25 dagar (reiknað er vegið meðaltal).

Fjöldi daga frá lokagreiðslu til upphafs ferðar
Meðaltals fjöldi (vegið meðaltal) daga frá því að farþegar hafa greitt ferð að fullu (lokagreiðslu vegna ferðar) þar til að ferðin er farin.
Dæmi: 100 farþegar eru í ferð. 30 farþegar greiða ferð að fullu 45 dögum fyrir brottför, 40 farþegar greiða ferð að fullu 30 dögum fyrir brottför, 30 farþegar greiða ferð að fullu 15 dögum fyrir brottför. Í reitinn er fært (30*45+40*30+30*15)/100 = 30 dagar (reiknað er vegið meðaltal).

ATH Þessi dagafjöldi getur ekki orðið minni en 0. Ef ferðir eru greiddar eftir að þær hefjast skráist 0 í reitinn.

Velta undanþegin tryggingaskyldu:
Í þennan hluta skal skrá upplýsingar um veltu sem er undanþegin tryggingaskyldu leyfishafa.
Gera þarf grein fyrir allri veltu annarri en sölu á pakkaferðum og samtengdri ferðatilhögun. Athuga skal að tryggingarskyld velta er aðeins velta vegna sölu pakkaferða og/eða samtengdrar ferðatilhögunar. Öll önnur velta er undanþegin tryggingarskyldu. Gefa skal veltuna upp eftir tekjuflokkum. Ekki er nægilegt að skrifa t.d. „önnur sala“.
Fyllið inn í flokkana eftir því sem við á og bætið við flokkum ef þarf.

Velta undanþegin tryggingarskyldu / Turnover exempt from package travel security	
Turnover exempt from package travel security by revenue categories (add catergories as applicable)	**Amount**
Velta undanþegin tryggingarskyldu sundurliðuð eftir tekjuflokkum (bætið við flokkum eftir því sem við á)	**Fjárhæð**
Pakkaferðir sem tiheyra tryggingarskyldu annarra seljenda	
Dagsferðir	
Húsaleiga	
Vörusala	
Flugmiðar	
Gisting	
Veiðileyfi	
Annað - (hvað)	

Í mörgum tilfellum selja smásalar (aðrir seljendur) pakkaferðir fyrir skipuleggjendur. Slíkar pakkaferðir falla annað hvort undir tryggingarskyldu skipuleggjandans eða tryggingarskyldu smásalans. Liggja þarf ljóst fyrir hvor ber tryggingarskylduna skipuleggjandinn eða smásalinn.
Með **smásala** er átt við aðila sem einungis selur pakkaferðir fyrir skipuleggjanda og/eða er skipuleggjandi sjálfur en selur líka pakkaferðir fyrir aðra skipuleggjendur.
Skipuleggjanda er heimilt að undanskilja frá tryggingaskyldri veltu tekjur vegna pakkaferða sem seldar eru af smásala sem uppfyllir tryggingaskyldu vegna þeirra. Einungis er heimilt að undanskilja pakkaferðir sé smásalinn með pakkaferðatryggingar innan Evrópska efnahagssvæðisins.
Athugið að mínustölur eru ekki leyfðar.

„Yfirlit yfir smásala sem uppfylla tryggingaskyldu vegna pakkaferða skipuleggjanda“ (Excel-skjal):

Í mörgum tilfellum selja smásalar (aðrir seljendur) pakkaferðir fyrir skipuleggjendur. Slíkar pakkaferðir falla annað hvort undir tryggingarskyldu skipuleggjandans eða tryggingarskyldu smásalans. Liggja þarf ljóst fyrir hvor ber tryggingarskylduna skipuleggjandinn eða smásalinn.
Með smásala er átt við aðila sem einungis selur pakkaferðir fyrir skipuleggjanda og/eða er skipuleggjandi sjálfur en selur líka pakkaferðir fyrir aðra skipuleggjendur.
Skipuleggjanda er heimilt að undanskilja frá tryggingaskyldri veltu tekjur vegna pakkaferða sem seldar eru af smásala sem uppfyllir tryggingaskyldu vegna þeirra. Einungis er heimilt að undanskilja pakkaferðir sé smásalinn með pakkaferðatryggingar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í skjalinu eru 2 flipar

1 - Upplýsingar – áríðandi er að lesa leiðbeiningar í þeim flipa vel.
Fylla þarf inn upplýsingar um leyfishafa, þ.e. nafn og kt. ásamt dagsetningu yfirlits.

Forsvarsmaður þarf að skrá nafn sitt í viðeigandi reit til að staðfesta að uppgefnar upplýsingar séu réttar.

Almennar upplýsingar / General information			
Name of license holder	ID	Date of summary	Name of representative*
Nafn leyfishafa	Kennitala	Dags yfirlits	Nafn forsvarsmanns*

2 – Yfirlit yfir smásala
Gefa þarf upp eftirfarandi upplýsingar um þá smásala sem að bera tryggingaskyldu vegna ferða sem skipulagðar eru af leyfishafanum:

- Nafn smásala
- Staðfestuland
- Kennitölu
- Heiti eða tegund ferðar (lýsandi heiti eða tegund)
- Mánuður sem ferð er farin
- Ár sem ferð er farin
- Hvar smásali er tryggður ef vitneskja er um það

Yfirlit yfir smásala sem uppfylla tryggingaskyldu vegna pakkaferða skipuleggjanda / Summary of retailers subject to package travel security for the organizer's package tours						
Name of retailer	Country of establishment	National code	Name or type of tour	Month of departure	Year of departure	The retailer has package travel security with
Nafn smásala	Staðfestuland	Kennitala	Heiti eða tegund ferðar	Mánuður sem ferð er farin	Ár sem ferð er farin	Smásali er með tryggingar hjá

Vinsamlega athugið:
Skilið Excel-skjölunum inn sem Excel-skjölum – ekki breyta í PDF því Ferðamálastofa þarf að vinna áfram með gögnin.

Bent er á að Ferðamálastofa kannar réttmæti innsendra gagna og upplýsinga í reglubundnu eftirliti og kallar eftir afriti af samningum og/eða öðrum gögnum til staðfestingar á að uppgefnar upplýsingar séu réttar.

Öll eyðublöð og frekari upplýsingar er að finna á vef Ferðamálastofu.